

Grunnnám

NÁMSKRÁ fyrir almennt nám til AUKINNA ÖKURÉTTINDA



Umferðarstofa



SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík
kennitala: 550269 - 1639
sími: 545 8200, bréfsími: 562 1702,
netfang: postur@sam.stj.is,
veffang: <http://www.samgonguraduneyti.is>

Tilvísun:
SAM04020091/601
14. janúar 2005
BÁB/--

Með tilvísun til 3. mgr. 26. gr. reglugerðar um öskuskírteini, nr. 501 frá 11. ágúst 1997, staðfestir ráðuneytið hér með eftirtaldir námskrár:

- I. Námskrár fyrir aukin ökuréttindi:
 - a. Námskrá fyrir almennt nám til aukinna ökuréttinda (grunnnám).
 - b. Námskrá fyrir vörubifreiðaréttindi (flokkur C).
 - c. Námskrá fyrir höpbifreiðaréttindi (réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni, fyrir flokk D).
 - d. Námskrá fyrir leigubifreiðaréttindi (réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni, fyrir flokk B).
 - e. Námskrá fyrir eftirvagnaréttindi (flokkur CE/DE).
- II. Námskrá fyrir eftirvagnaréttindi (flokkur BE).

Námskrárnar eru samdar og gefnar út af Umferðarstofu og voru sendar ráðuneytinu með bréfi, dagsettu 24. maí 2004.

Námskrárnar skulu taka gildi 1. apríl 2005 þó þannig að ökuþróf, byggð á ákvæðum þeirra, skulu fara fram frá og með 1. maí 2005. Ökunemar, sem hefja nám í öskuskóla fyrir 1. apríl 2005, mega ljúka prófi samkvæmt eldri námskrá, útgefinni 4. ágúst 1993, fari prófið fram fyrir 1. júní 2005.


Sturla Böðvarsson


Sigurbergur Björnsson

Námskrá fyrir aukin ökuréttindi

Grunnnám

Efnisyfirlit

1.	SKIPULAG ÖKUNÁMS	5
1.1	INNGANGUR	5
1.2	MEGINMARKMIÐ	5
1.3	SKIPAN NÁMS.....	6
2.	HLUTVERK ÖKUSKÓLA.....	9
2.1	KENNSLUSKRÁ (SKÓLANÁMSKRÁ).....	9
2.2	KENNSLUFRÆÐILEG RÁÐGJÖF	9
2.3	KENNSLUÁÆTLUN	10
2.4	STUNDASKRÁ.....	11
2.5	INNRIÐUN NEMENDA	12
2.6	STUNÐVÍSI OG TÍMASÓKN	13
2.7	KENNSLUAÐSTÆÐUR	13
2.8	EFTIRLIT MEÐ KENNSLU	13
2.9	ÖKUNÁMSBÓK – ÖKUNÁMSFERILL.....	13
2.10	NÁMSMAT Í BÓKLEGUM GREINUM.....	14
2.11	UNDANÞÁGUR FRÁ BÓKLEGRI KENNSLU.....	14
2.12	FYRNING NÁMS	14
3.	UMFERÐARFRÆÐI	15
3.1	MARKMIÐ.....	15
3.2	EFNISÞÆTTIR	15
3.3	KENNSLUMARKMIÐ OG PRÓFKRÖFUR	16
3.3.1	Umferðarmannvirki.....	16
3.3.2	Saga umferðar og ökutækja.....	17

3.3.3	Lög og reglur.....	17
3.3.4	Umferðarslys og fyrirbyggjandi aðgerðir	17
3.3.5	Stofnanir umferðarmála.....	18
3.4	EFNISTÖK.....	18
4.	UMFERÐARSÁLFRÆÐI.....	21
4.1	MARKMIÐ	21
4.2	EFNISÞÆTTIR	21
4.3	KENNSLUMARKMIÐ OG PRÓFKRÖFUR.....	22
4.3.1	Mannlegi þátturinn.....	22
4.3.2	Skynjun.....	23
4.3.3	Hegðun.....	23
4.3.4	Persónuleiki og viðhorf ökumannsins	23
4.3.5	Sálrænar orsakir slysa	24
4.3.6	Líkamlegir þættir	24
4.3.7	Atvinnubílstjórn	24
4.4	EFNISTÖK.....	25
5.	BÍLTÆKNI	26
5.1	MARKMIÐ	26
5.2	EFNISÞÆTTIR	26
5.3	KENNSLUMARKMIÐ OG PRÓFKRÖFUR.....	27
5.3.1	Ökutækið og öryggisbúnaður þess	27
5.3.2	Hagkvæmur rekstur ökutækis og hagnýt vinnubrögð	28
5.3.3	Mengun af völdum ökutækja.....	29
5.3.4	Almennar reglur um ökutæki.....	29
5.4	EFNISTÖK.....	30
6.	SKYNDIÐHJÁLP.....	31
6.1	MARKMIÐ	31
6.2	EFNISÞÆTTIR	31
6.3	KENNSLUMARKMIÐ OG PRÓFKRÖFUR.....	32
6.3.1	Aðgerðir á vettvangi	32
6.3.2	Skoðun og mat	32
6.3.3	Endurlífgun.....	32
6.3.4	Blæðing og lost	33
6.3.5	Sár, umbúðir og sárabindi.....	33
6.3.6	Brunasár.....	33
6.3.7	Höfuð-, háls- og hryggáverkar	34
6.3.8	Beina-, liðamóta- og vöðvaáverkar	34
6.3.9	Spelkun útlíma.....	34
6.3.10	Bráðir sjúkdómar og eitranir.....	34

6.3.11	<i>Kal, ofkæling og hitakvillar</i>	35
6.3.12	<i>Björgun og flutningar</i>	35
6.4	EFNISTÖK	36
7.	KENNSLUAKSTUR OG PRÓF	37
7.1	KENNSLUAKSTUR	37
7.2	PRÓFLÝSING	37
7.3	FRÆÐILEGT PRÓF	37
7.4	VERKLEGT PRÓF	38

1. SKIPULAG ÖKUNÁMS

1.1 Inngangur

Umferðarstofa setur námskrá fyrir hvern flokk ökuréttinda, að höfðu samráði við Ökukennarafélag Íslands. Samgönguráðherra staðfestir námskrá. Námskrá skal kveða á um þekkingu, hæfni og leikni sem umsækjandi þarf að hafa til að öðlast aukin ökuréttindi.

Nám til aukinna ökuréttinda skal fara fram í ökuskóla sem hefur starfsleyfi Umferðarstofu, sbr. reglugerð nr. 327/1998 um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla.

Námskrár til aukinna ökuréttinda eru sex, **námskrá fyrir grunnám** og fimm námskrár fyrir framhaldsnám, ein fyrir hvern flokk, **C, D, BE, CE/DE og réttindi á leigubifreið**.

Í námskrá fyrir grunnám eru fyrirmæli um tilskilið bóklegt nám til undirbúnings framhaldsnáms fyrir aðra flokka. Í námskrám fyrir framhaldsnám eru fyrirmæli um bóklegt og verklegt nám fyrir réttindi:

- í flokki C, vörubifreið,
- í flokki D, hópþbifreið með réttindum til farþegaflutninga í atvinnuskyni,
- í flokki BE, stór eftirvagn fyrir fólksþbifreið,
- í flokki (CE/DE), eftirvagn fyrir stór ökutæki og
- til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir flokk B (leigubílaréttindi).

1.2 Meginmarkmið

Í allri kennslu og þjálfun ökunema sem sækja um aukin ökuréttindi skal hafa það að meginmarkmiði að neminn:

- sé fær um að stjórna stórum ökutækjum sem og þbifreiðum til farþegaflutninga í atvinnuskyni með fullri árvekni og af færni, framsýni og öryggi.
- hafi innsýn í og skilning á hættum og erfiðleikum sem stjórnendur atvinnubifreiða mæta í umferðinni og á hvern hátt hann geti stuðlað að betri umferðarmenningu.
- þekki umferðarreglur til hlítar og þekki önnur laga- og stjórnvaldsfyrirmæli er lúta að umferð og ökutækjum.
- kunni góð skil á ökutækjum í þeim flokki ökuréttinda sem hann er að afla sér réttindi til að mega aka og að hann geti fylgst með því að þau sé í öruggu og lögmæltu ástandi og viti hvernig skuli bregðast við bilunum eða göllum sem upp geta komið.
- þekki ýmsa þætti er snerta starf ökumanna á vörubifreiðum, hópþbifreiðum eða þbifreiðum til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
- þekki þá andlega og líkamlega þætti sem takmarka mannlega getu við akstur.
- sýni öðrum vegfarendum ábyrgð og tillitsemi, einkum þeim sem eru berskjaldaðir og varnarlausir í umferðinni. Að hann geri það að metnaðarmáli sínu að vera öðrum góð fyrirmynd í umferðinni.

Þessum markmiðum skal ná með því að nemi stundi fræðilegt og verklegt nám í ökuskóla áður en hann gengst undir próf.

Eftir að hafa sýnt fullnægjandi árangur í prófum hefur hann uppfyllt kröfur um nám og próf til að fá útgefin ökuréttindi til að stjórna þbifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, hópþbifreið, eftirvagni þyngri en 750 kg eða þbifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni (leigubifreið).

1.3 Skipan náms

Námi til aukinna ökuréttinda er skipt í **grunnám** og **framhaldsnám**;

Í **grunnnámi** eru kenndar fjórar námsgreinar í alls 52 kennslustundir.

- Umferðarfræði (UF) – 12 stundir.
- Umferðarsálfræði (US) – 12 stundir.
- Bíltækni (BT) – 12 stundir.
- Skyndihjálpi (SK) – 16 stundir.

Eftir grunnnám velur nemi þá braut í framhaldsnámi sem varðar þau auknu ökuréttindi sem hann vill öðlast.

Í **framhaldsnámi** eru þessar námsgreinar:

- Stór ökutæki (SÖ) - 32 stundir.
- Ferðafræði (FF) – 16 stundir.
- Eftirvagnar (EV) – 4 stundir.

Lágmarksfjöldi kennslustunda í fræðilegri og verklegri kennslu til aukinna ökuréttinda má sjá í meðfylgjandi töflu.

Réttindaflokkur	Framhalds nám	Fræðilegt nám alls	Verklegt nám
Vörubifreið flokkur C	SÖ 32	84	12
Hópbifreið flokkur D, farþegaflutningar í atvinnuskyni	SÖ + FF 48	100	12
Eftirvagn flokkur BE	EV 4	4	7
Eftirvagn flokkar CE eða DE	EV 4	88 (CE) 104 (DE)	7
Fólksbifreið flokkur B, farþegaflutningar í atvinnuskyni	FF 16	68	3

Hafi ökunemi öðlast ökuréttindi í flokki C eða D og vill bæta við sig nýjum flokki, D eða C eftir því sem við á, má meta fjóra verklega tíma inn í námið. Hann þarf því að taka a.m.k. 8 verklegar kennslustundir fyrir seinni flokkinn.

Í skipulagi náms til aukinna ökuréttinda er gert ráð fyrir að neminn hafi lokið námi til almennra ökuréttinda og sé handhafi gilds ökuskírteinis.

Ökunemi skal fá þann tíma til ökunáms sem hann þarf til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í námskránni. Miðað er við að hver kennslustund sé 45 mínútur að lengd. Gera verður ráð fyrir að margir nemi þurfi fleiri kennslustundir en hér eru tilgreindar til að ná markmiðum námskrár.

Ökuskóla er heimilt að fjölga kennslustundum umfram lágmarks kennslustundafjölda námsgreinar en slíkt er kröfum ökunámsins óviðkomandi og skal nemum gerð grein fyrir því að kennslustundafjöldi þeirrar námsgreinar sé meiri en námskrá gerir ráð fyrir.

2. HLUTVERK ÖKUSKÓLA

2.1 Kennsluskrá (skólanámskrá)

Nám til aukinna ökuréttinda skal fara fram í ökuskólum sem hafa starfsleyfi Umferðarstofu. Ökuskólar starfa í samræmi við *reglugerð um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla*, námskrár fyrir aukin ökuréttindi og fyrirmæli Umferðarstofu.

Áður en starfsleyfi fyrir ökuskóla er veitt, leggur ökuskóli fram kennsluskrá (skólanámskrá), sem er útfærsla skólans á námskrá fyrir nám til aukinna ökuréttinda og gildir starfsleyfið um þá kennsluskrá.

Í kennsluskrá skal ítarlega lýst hugmyndafræði, aðferðum og skipulagi ökuskóla. Þar skal m.a. tilgreina:

- skipulag kennslustunda í hverri námsgrein t.d. með kennsluáætlun og
- kennslugögn, kennsluáferðir og námsmat í hverri grein.

Kennsluskrá skal reglulega endurskoðuð og endurnýjuð með hliðsjón af breyttum áherslum sem búast má við með þróun skóla og reynslu þeirra, tæknilegum framförum og breytingum sem kunna að verða á lögum og reglugerðum.

Ökuskóli leggur fram kennsluáætlanir, upplýsingar um kennsluefni og önnur gögn eftir því sem við á og Umferðarstofa ákveður.

2.2 Kennslufræðileg ráðgjöf

Kennslufræðilegum ráðgjafa skóla er ætlað að hafa forystu í gæðastjórnun í starfi skólans, ásamt skólastjóra sem getur sjálfur verið hinn kennslufræðilegi ráðgjafi hafi hann til þess faglegar forsendur.

Kennslufræðilegur ráðgjafi:

- útbýr kennsluskrá skólans með kennsluáætlunum og stundaskrá, m.a. til að tryggja að hvergi séu „göt“ í kennslu miðað við námskrár Umferðarstofu,
- fylgist með kennslu kennara við skólann og gefur þeim ráð um kennsluhætti,
- gefur ráð um námsmat og námskröfur í einstökum námsgreinum og
- ber að öðru leyti faglega ábyrgð á starfsemi skólans, ásamt skólastjóra.

2.3 Kennsluáætlun

Til að tryggja markvissa kennslu skal ökuskóli gera kennurum einstakra námsgreina skylt að vinna eftir og fylgja kennsluáætlun um námsgreinina.

Í góðri kennsluáætlun eru a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

Grunnupplýsingar

- Ökuskóli,
- námsþáttur,
- tímasetning námskeiðs,
- dagsetning áætlunar,
- aðalkennari,
- nöfn og upplýsingar um gestafyrirlesara eftir því sem, við á,
- heildartímafjöldi námsgreinar,
- skipting bóklegra og verklegra kennslustunda,
- lesefnislisti og
- annað eftir því sem við á.

Yfirferðaráætlun sem er mikilvægasti hluti kennsluáætlunar. Í henni kemur fram

- hvað er kennt í hverri kennslustund,
- hver kennir,
- hvaða námsefni er notað,
- hvaða verkefni eru lögð fyrir og

- annað sem nemi þarf að vita fyrirfram.

Námsmat skóla. Lýsing á því hvernig árangur nema er metinn, t.d.

- tímasókn,
- verkefni/skyndipróf,
- skólapróf,
- lokapróf og
- annað sem nemi þarf að vita.

Eins og nafnið bendir til er um að ræða áætlun um það hvernig kennari á og ætlar sér að taka á tilteknum námsþáttum innan greinarinnar. Kennsluáætlun skal því afhenda nema í fyrstu kennslustund greinar þannig að hann fái yfirsýn yfir það sem ætlast er til af honum. Hann getur gert eigin námsáætlun kæri hann sig um. Góðar kennsluáætlanir geta komið í veg fyrir skörun eða göt milli námsgreina og stjórnendur skóla og Umferðarstofa hafa betri yfirsýn yfir hvað gert er í skólanum. Skólustjóri skal sjá um að kennsluáætlun sé ætíð aðgengileg, henni dreift til nema og að hún sé endurnýjuð reglulega.

Umferðarstofa getur kallað eftir kennsluáætlunum ef ástæða þykir til. Nýjar eða endurskoðaðar kennsluáætlanir skal skila til Umferðarstofu án þess að kalla þurfi sérstaklega eftir þeim.

2.4 Stundaskrá

Stundaskrá eða stundatöflu fyrir einstök námskeið skal skilað til Umferðarstofu eigi síðar en viku áður en námskeið hefst í ökuskóla.

Í góðri stundaskrá eru a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- tímabil námskeiðs, staðsetning og þess háttar,
- heildar kennslustundafjöldi hvernar námsgreinar,
- nöfn aðalkennara hvernar námsgreinar auk nafna annarra kennara og fyrirlesara og

- tímasetning kennslustunda, bóklegra og verklegra, svo og frímínútna auk yfirlits um hver kennir og hvenær, sett fram í stundatöflu.

Við gerð stundaskrár skal miða við að fjöldi kennslustunda að degi fari ekki yfir 8.

Fari kennsla fram að kvöldi eftir kl 18.00, að hluta eða öllu leyti, er hámarkið 5 kennslustundir.

Námið skal dreifast þannig að ekki eru kenndar fleiri kennslustundir en 40 á viku.

Skipuleggja skal kennslu þannig að nemiinn fái a.m.k. einn frídag í viku.

Við ofangreind viðmið má bæta aksturskennslu einstakra nema.

Mælt er með að fleiri en einn kennari komi að kennslu á löngum skóladögum og einhver blöndun sé á námsgreinum þ.e. að fleiri en ein námsgrein sé að jafnaði kennd á hverjum degi/kvöldi.

Frávik frá stundaskrá þarf að tilkynna Umferðarstofu, sérstaklega kennaraskipti og a.m.k. meiri háttar frávik frá tímasetningum kennslustunda.

2.5 Innritun nemenda

Ökuskóli innritar nema og afhendir í upphafi kennslu stundaskrá, ökunámsbók og upplýsingablað um kröfur sem nemi þarf að standast til að öðlast aukin ökuréttindi, þar á meðal kröfur um:

- aldur,
- tímasókn,
- próf,
- fullnaðarskírteini og ökuferil og
- heilbrigði.

2.6 Stundvísi og tímasókn

Kennsla skal fara fram í samræmi við stundaskrá. Nemi þarf að skila að lágmarki 80% tímasókn í einstakar námsgreinar. Nái hann ekki því lágmarki getur hann lokið tímasókn síðar í samráði við kennara og skólastjóra skólans.

Mikilvægt er að stundaskrá sé fylgt nákvæmlega, hlé séu tekin á tilteknum tímum og kennslustundir byrji á settum tíma. Viðvera nema skal skrá í viðveruskrá í upphafi hverrar kennslustundar.

2.7 Kennsluaðstæður

Ökuskóli skal hafa aðgang að ökutæki af þeirri gerð sem við á skv. III. viðauka í reglugerð um ökuskírteini og annari aðstöðu til verklegrar og bóklegrar kennslu eftir reglum sem Umferðarstofa setur.

2.8 Eftirlit með kennslu

Fulltrúar Umferðarstofu geta án sérstaks fyrirvara fylgst með kennslu í skóla. Upplýsingar sem fást með þessum hætti eru notaðar við mat á ökuskóla og þeim er komið á framfæri við skólastjóra. Stefnt er að því að innra eftirlit skóla, skýr og skráð ferli, kennsluáætlanir, stundaskrár, ökunámsbækur nema og nemendalistar komi að mestu leyti í stað heimsókna í kennslustundir.

Einn þáttur í innra gæðaeftirliti skóla er að leggja fyrir svonefnt kennslumat þar sem nemum gefst kostur á að tjá sig um hin ýmsu atriði námskeiðs.

2.9 Ökunámsbók – ökunámsferill

Ökunámsbók skal sýna feril ökunáms frá upphafi þar til ökunemi stenst ökuþróf. Upplýsingar um bóklegt og verklegt nám skulu færðar í ökunámsbók og hún lögð fram eftir nánari reglum Umferðarstofu.

2.10 Námsmat í bóklegum greinum

Námsárangur í einstökum námsgreinum getur ökuskóli metið með skólaprófi eða mati á einstökum verkefnum. Ökuskóli skal leggja fyrir lokapróf eftir grunnám sem ökuneminn þarf að standast. Form og innihald lokaprófs skal vera skv. fyrir mælum Umferðarstofu. Að loknu framhaldsnámi er lagt fyrir opinbert fræðilegt próf, sbr. kafla 7.3.

2.11 Undanþágur frá bóklegri kennslu

Umferðarstofa metur umsóknir um undanþágur frá bóklegri kennslu, bæði frá einstökum námsgreinum í heild og einstökum þáttum innan námsgreina. Undanþágur frá tímasóknarskyldu leysir nema ekki undan fræðilegu prófi.

2.12 Fyrning náms

Almenn fyrningarregla bóklegs náms til aukinna ökuréttinda er **tvö** ár. Líði meira en tvö ár frá því að nemi sat námskeið án þess að ljúka fræðilegu prófi þarf hann að sitja námskeiðið að nýju áður en hann gengst undir próf. Þetta á bæði við um skólapróf og opinbert próf.

Staðið fræðilegt próf fyrnist ef verklegt próf er ekki staðið innan **sex mánaða** frá því fræðilega. Þetta á ekki við um skólapróf í grunnnámi.

Umferðarstofa metur umsóknir um undanþágur frá fyrningarreglum.

3. UMFERÐARFRÆÐI

3.1 Markmið

Fjallað er um sögu umferðar og umferðarmenningu. Ennfremur um starfsumhverfi, réttindi, skyldur og ábyrgð stjórnenda ökutækja í víðu samhengi, þ.m.t. umferðarmannvirki, umferðarlög og reglur, umferðarslys, stofnanir umferðarmála og starf atvinnubílstjóra.

Að því er stefnt að neminn:

- þekki gerðir, flokkun og tilgang helstu umferðarmannvirkja og megin þætti í þróun samgangna 20. aldar.
- þekki umferðarlög og aðrar reglur um umferð með tilliti til umferðaröryggis og auki þekkingu sína á umferð og umferðarmenningu.
- geri sér ljósa ábyrgð sína og sérstöðu sem atvinnubílstjóri og rækti með sér viðhorf gagnvart öryggi í akstri.
- þekki helstu orsakir og afleiðingar umferðarslysa og þau úrræði sem unnt er að nota til að fyrirbyggja óhöpp eða slys í umferðinni.

3.2 Efnisþættir

Umferðarmannvirki

- Hönnun og flokkun vega
- Sérstök umferðarmannvirki
- Viðhald vega og þróun í gatna- og vegagerð

Saga umferðar og ökutækja

- Saga umferðar og ökutækja
- Almenningsmengingur
- Þróun flutninga

Lög og reglur

- Tilgangur laga
- Umferðarlög og reglur
- Náttúran og umhverfið
- Reglur um neyðarakstu

Umferðarslys og fyrirbyggjandi aðgerðir

- Slys
- Fyrirbyggjandi aðgerðir

Stofnanir umferðarmála

- Stefnumörkun í umferðarmálefnum – skipulagsmál
- Ráðuneyti
- Ýmsar opinberar stofnanir og félög
- Gjaldtaka af umferð
- Atvinnuréttindi

3.3 Kennslumarkmið og prófkröfur

3.3.1 Umferðarmannvirki

Nemandi þekki flokkun gatna og vega í vegakerfi landsins (í þjóðvegi, sýsluvegi, heimreiðir og fjallvegi). Þannig skal hann sem dæmi:

- þekkja og kunna að nota vegnúmerakerfið.
- þekkja stigflokkun gatna og tilgang hennar.
- þekkja ýmsar hættur í umferð og umferðarmannvirkjum og þekkja úrræði til að greiða fyrir umferð við slíkar aðstæður.
- þekkja helstu reglur um viðhald og endurbætur vega.
- kunna skil á nýjungum í þróun umferðarmannvirkja, eftir því sem við á.

3.3.2 Saga umferðar og ökutækja

Neminn þekki atriði úr sögu umferðar og ökutækja ásamt mikilvægi almenningsgangna til aukins umferðaröryggis. Þannig skal hann sem dæmi:

- gera sér grein fyrir sögulegu, félagslegu og efnahagslegu hlutverki ökutækja og umferðar.
- kunna skil á þróun bifreiðaeignar Íslendinga.
- kunna skil á flutningakerfi Íslendinga á landi, í lofti og á sjó og þróun þess.
- kunna skil á uppbyggingu almenningsgangna á Íslandi.

3.3.3 Lög og reglur

Neminn geri sér grein fyrir tilgangi laga og reglna fyrir umferðaröryggi og verndum umhverfis. Þannig skal hann sem dæmi:

- rifja upp og dýpka þekkingu sína á því efni sem numið var til almennra ökuréttinda, (Námskrá fyrir almenn ökuréttindi, flokkur B, jan. 2000), eftir því sem við á.
- þekkja ákvæði í lögum og reglum er snerta umferð og starf bílstjóra, tilgang þeirra, túlkun og framkvæmd til nokkurrar hlítar.
- þekkja helstu atriði í lögum og reglum um ökuferilsskrá, punktakerfi og viðurlög við umferðarlagabrotum.
- þekkja lög og reglur um náttúruvernd og skilji hvers vegna akstur utan vega og gatna er óheimill.
- kunna skil á reglum um neyðarakstur, vita hvernig ökutæki sem aka með forgangi eru auðkennd og kunni aðferðir til að bregðast við þeim í umferðinni.

3.3.4 Umferðarslys og fyrirbyggjandi aðgerðir

Neminn geri sér grein fyrir helstu orsökum og afleiðingum umferðarslysa og þeim aðferðum sem notaðar eru til að auka umferðaröryggi. Þannig skal hann sem dæmi:

- kunna skil á hlutfallslegri skiptingu umferðaróhappa og -slysa og vita hvernig þau eru skráð.
- þekkja ólík úrræði til að fyrirbyggja óhöpp og slys.
- þekkja mismunandi aðgerðir yfirvalda til draga úr óhöppum og slysum.

3.3.5 Stofnanir umferðarmála

Neminn viti hvaða þjónustu atvinnubílstjórar geta sótt til ýmissa stofnana og félaga í samfélaginu. Þannig skal hann sem dæmi:

- vita hvaða ráðuneyti gefa út reglugerðir sem snerta starf atvinnubílstjóra.
- þekkja þá starfsemi stofnana í samfélaginu sem við kemur starfi atvinnubílstjóra.
- þekkja uppbyggingu löggæslu í landinu.
- þekkja helstu þætti í starfsemi Vegagerðarinnar og Umferðarstofu.
- þekkja félag atvinnubílstjóra (launþega- og atvinnurekendafélag).
- þekkja reglur um opinbera gjaldtöku af umferð (bifreiðagjald, bensíngjald, þungaskattur, vegatollur o.s.frv.).
- þekkja reglur um bókhaldsskyldu bifreiða sem atvinnutækja.
- þekkja reglur um atvinnuleyfi og atvinnuréttindi bílstjóra.
- þekkja ákvæði í lögum og reglugerðum er snerta umferð og starf bílstjóra, tilgang þeirra, túlkun og framkvæmd.

3.4 Efnistöð

Í umferðarfræði er fjallað um efni sem lítil skil hafa verið gerð í ökunámi og er tilgangur námsgreinarinnar sá að efla þekkingu atvinnubílstjóra á þjóðfélagslegu hlutverki umferðar en einnig að veita hagnýt ráð við að skipuleggja akstur.

Brotabrot úr sögu umferðar og ökutækja og yfirlit um almenningssamgöngur og flutningakerfi þjóna þeim tilgangi að veita nemendum yfirsýn yfir atvinnugreinina.

Umfjöllun um vega- og gatnakerfi skal vera kynning á uppbyggingu þess meðal annars með áherslu á aðferðir við að rata, þ.e. notkun bæklinga og korta. Þessi umfjöllun þjónar einnig mikilvægum hagnýtum tilgangi um notkun vega- og gatnakerfis, t.d. hvernig skynsamlegast er að nota stofn- og tengibrautir til að greiða fyrir umferð. Hér þarf einnig að kynna nemendum efni vegalaga. Þessa umfjöllun mætti tengja umfjöllun um Vegagerðina svo og gatnamálayfirvöld sveitarfélaga.

Þá skal fjalla um umferðarlög og aðrar reglur er snerta akstur og umferð ökutækja almennt. Lög og reglur er snerta ökutækin sjálf er fjallað um í bíltækni, lög og reglur er snerta flutning farms er fjallað um í stórum ökutækjum en lög og reglur er snerta farþegaflutninga er fjallað um í ferðafræði.

Hversu miklum tíma skal eyða í að rifja upp umferðarlög og annað efni hins almenna ökuþrófs er að sjálfsögðu álitamál og að einhverju leyti hlýtur það að vera komið undir ökuskólunum hvernig að því er staðið. Miðað er við að neminn hafi sömu þekkingu og krafist er í ökuþrófi til almennra ökuréttinda áður en hann hefur nám til aukinna ökuréttinda. Ef um verulega mikla upprifjun er að ræða skal líta á hana sem viðbót við þann tímaramma sem ætlað er í umferðarfræðina.

Sérstök ástæða þykir til að atvinnubílstjórar tileinki sér virðingu fyrir umhverfi sínu. Fjallað er ítarlegar um náttúruvernd og ferðamennsku fyrir þá er ætla að flytja farþega í ferðafræði.

Rétt er að leggja áherslu á mikilvægi þess að nemendur átti sig á því að reynt er með rannsóknum að gera sér grein fyrir því hvernig slys verða og finna, með hliðsjón af niðurstöðunum, úrræði til þess að koma í veg fyrir þau. Þáttur bílstjóra í því er þýðingarmikill.

Einnig er nauðsynlegt að ökumenn geri sér grein fyrir hlutverki helstu stofnana umferðarmála.

4. UMFERÐARSÁLFRÆÐI

4.1 Markmið

Fjallað er um mannlega þætti umferðar. Farið er í skynjun, hegðun í umferðinni, viðhorf og persónuleikann, sálrænar orsakir umferðarslysa og andlega og líkamlega þætti sem áhrif hafa á starf bílstjóra. Ennfremur er fjallað um þjónustu, samskipti og ábyrgð atvinnubílstjóra.

Að því er stefnt að neminn:

- þekki samhengið milli aðstæðna, ökutækis og mannlegra þátta, sálrænna og líkamlegra, með tilliti til umferðaröryggis.
- kunni að nýta sér sálfræðilega þekkingu til að skilja eðli skynjunar, viðbrögð manna við ýmsar aðstæður og hvernig viðhorf og tilfinningar tengjast hegðun í umferðinni.

4.2 Efnisþættir

Mannlegi þátturinn

- Líkamlegir þættir
- Sálrænir þættir
- Akstursferlið

Skynjun

- Sjónkerfið
- Önnur skynfæri
- Skynvillur
- Athygli – umferðarlestur

Hegðun

- Sjálfvirk viðbrögð
- Viðbragðstíminn

- Óvarðir vegfarendur

Viðhorf ökumannsins

- Viðhorf – persónuleikinn
- Tilfinningar og akstur
- Streita
- Kynjamunur

Sálrænar orsakir slysa

- Áhættuhópar
- Orsakir
- Áróður – refsingar - endurhæfing

Líkamlegir þættir

- Svefn
- Vímuefni og vitundin
- Aldraðir í umferðinni

Atvinnubílstjórinn

- Samskipti
- Jákvæð tjáskipti
- Þjónusta
- Fagmennska

4.3 Kennslumarkmið og prófkröfur

4.3.1 Mannlegi þátturinn

Neminn geri sér grein fyrir mannlegum þáttum er snerta starf bílstjóra, rækti með sér jákvætt viðhorf gagnvart öryggi og eflri og rækti tillitsemi gagnvart öðrum vegfarendum. Þannig skal hann sem dæmi:

- kunna skil á sálfræðilegum og félagslegum þáttum sem hafa áhrif á starf og stöðu atvinnubílstjóra
- geta útskýrt í grófum dráttum innbyrðis tengsl eftirtalinna þátta: líkamlegra, sálrænna, umhverfis og ökutækis.

4.3.2 Skynjun

Neminn viti hvað felst í skynjun og geri sér grein fyrir mikilvægi réttar skynjunar fyrir akstur í umferð. Þannig skal hann sem dæmi:

- *þekkja til sjónkerfisins og vita í grófum dráttum, hvernig sjónskynjun tengist akstri almennt og hvernig skynjun breytist við breyttar aðstæður.*
- *þekkja hlutverk annarra skynfæra en sjónar í akstri.*
- *kunna aðferðir til að mæta truflunum á skynjun sem verða vegna breyttra aðstæðna.*
- *vita hvað stjórnar athygli, hvernig hún tengist akstri og hvað getur truflað eðlilega athygli og þekkja ennfremur til aðferða sem ökumenn nota til að „lesa“ umferðina.*

4.3.3 Hegðun

Neminn viti hvaða þáttum þurfi að huga að til að hegðun í umferðinni stuðli hámarks öryggi. Þannig skal hann sem dæmi:

- *skilja hvernig rétt vanabundin viðbrögð geta aukið öryggi í akstri.*
- *vita að viðbragðstími skiptir miklu máli fyrir öryggi og hvaða þættir hafa áhrif á hann.*
- *vita hverjum er mest hættu búin í umferðarslysum og hvers vegna sýna þarf sérstaka varúð þar sem þeir eru annars vegar.*
- *bregðast rétt við gangandi vegfarendum með öryggi þeirra í huga.*

4.3.4 Persónuleiki og viðhorf ökumannsins

Neminn viti hvernig skaphöfn og tilfinningaleg viðhorf mótar aksturslag og hver eru áhrif jákvæðra viðhorfa í umferðinni. Þannig skal hann sem dæmi:

- *kunna skil á mótun viðhorfa, þekkja hættuleg viðhorf og hvernig þau tengjast aksturslagi.*

- *kunna skil á nokkrum aðferðum til að mæta hættulegum viðhorfum.*
- *þekkja orsakir streitu, geta lýst einkennum hennar og afleiðingum.*

4.3.5 Sálrænar orsakir slysa

Neminn geri sér grein fyrir að mannleg mistök eru ein helsta orsök umferðarslysa. Þannig skal hann sem dæmi:

- *geta útskýrt almennar orsakir umferðarslysa.*
- *kunna skil á helstu áhættuhópum ökumanna.*
- *kunna að nota sálfræðilega þekkingu til að draga úr líkum á umferðarslysum.*

4.3.6 Líkamlegir þættir

Neminn skilji áhrif líkamlegs ástands á ökuhæfni. Þannig skal hann sem dæmi:

- *skilja gagnkvæm tengsl milli andlegs og líkamlegs ástands og tengsl þessara þátta við almennt heilbrigði.*
- *geta útskýrt hvað er dægursveifla og hvernig hún hefur áhrif á ökuhæfni.*
- *geta útskýrt nokkrar ástæður og einkenni svefntruflana og hvernig þær geta skapað hættu við akstur.*
- *geta útskýrt áhrif vímuefna á vitund mannsins og skerðingu á ökuhæfni sem verður við notkun þeirra og þekkja ennfremur helstu ákvæði laga þar að lútandi.*

4.3.7 Atvinnubílstjórinn

Neminn geri sér grein fyrir þjónustuhlutverki atvinnubílstjóra og viti hvað felst í fagmennsku í atvinnuakstri. Þannig skal hann sem dæmi:

- *þekkja tjáskiptaferlið, kunna skil á nokkrum aðferðum til að bæta samskipti og vita hvað felst í jákvæðum samskiptum.*

- *vita hvað felst í hugtakinu þjónusta í víðustu merkingu þess og skilja mikilvægi gæðastjórnunar og gildi góðrar þjónustu fyrir hagsmuni þess sem veitir þjónustuna.*
- *gera sér grein fyrir skyldum og hagsmunum atvinnubílstjóra til að veita góða þjónustu, hvort sem verið er að flytja vörur eða farþega.*
- *þekkja og tileinki sér þá þætti sem gera atvinnubílstjóran að fagmanni.*

4.4 Efnistöð

Áhersla á mannlega þætti og umferðaröryggi í öllu ökunámi hefur aukist verulega undanfarna áratugi.

Með áherslu á skynjun, viðbrögð í umferðinni, samskipti við aðra og viðhorf vegfarenda er neminn hvattur til að líta í eigin barm og skoða samhengið milli mannglegra þátta og umferðaröryggis. Neminn þarf að beita sjálfskoðun á eigin viðhorf og aksturshætti og finna hvernig honum er unnt að leggja sitt af mörkum til aukins umferðaröryggis.

Leikni í að aka ökutæki er undirstaða þess að verða hæfur bílstjóri en enginn verður þó góður bílstjóri nema að vera meðvitaður um samhengi hluta og hafa bæði vilja og getu til að aka af öryggi í umferðinni. Í kennslunni skal reynt eftir því sem unnt er að byggja upp hjá nemanum metnað til að vinna að auknu umferðaröryggi, bæði hans sjálfs og annarra vegfarenda.

5. BÍLTÆKNI

5.1 Markmið

Fjallað er um ökutæki, mengun frá þeim og almennar reglur um ökutæki. Einkum er miðað við bifreiðir sem eru 7.500 kg eða minni að leyfðri heildarþyngd. Áhersla er lögð á það hvernig á að líta eftir öryggi slíkra ökutækja en einnig er komið inn á atriði er snerta hagkvæman rekstur þeirra. Loks er fjallað um minni eftirvagna, þá sem ekki þarf eftirvagnaréttindi til að stjórna.

Að því er stefnt að neminn:

- *þekki almennar reglur um ökutæki og öryggisbúnaði þess og geti sem bílstjóri séð um það að halda ökutæki í öruggu og lögmætu ástandi.*
- *kunni hagnýt vinnubrögð er snerta rekstur ökutækis sem atvinnuökutækis og hvernig draga má úr mengun af völdum ökutækja.*

5.2 Efnisþættir

Ökutækið og öryggisbúnaður þess

- Stýrisbúnaður
- Hemlar
- Hjól og hjólbarðar
- Ljós- og merkjabúnaður
- Öryggisbúnaður ökumanns og farþega
- Upprifjun og dýpkun

Hagkvæmur rekstur ökutækis og hagnýt vinnubrögð

- Vistakstur
- Viðhald véla og bifreiða

- Handbækur

Mengun af völdum ökutækja

- Mengunarvarnir
- Umhverfisvernd

Almennar reglur um ökutæki

- Skráning og skoðun
- Tryggingar
- Stærð og flokkun ökutækja
- Eftirvagnar

5.3 Kennslumarkmið og prófkröfur

5.3.1 Ökutækið og öryggisbúnaður þess

Neminn kunnir nægilega góð skil á öryggisbúnaði ökutækisins til að geta sinnt nauðsynlegu eftirliti og umhirðu. Hér fylgja dæmi um kröfur sem gerðar eru um þekkingu, skilning og getu ökumanns er lítur að öryggisbúnaði. Upptalningin er þannig ekki tæmandi. Þannig skal neminn sem dæmi:

- *kunna skil á því hvernig stýrisbúnaður vinnur.*
- *kunna að fylgjast með því að stýrisbúnaður, með eða án hjálparafls, sé í lagi.*
- *kunna að bera kennsl á slit og helstu bilanir í stýrisbúnaðinum og vita hvernig skal bregðast við slíku.*
- *skilja uppbyggingu vökvaprýstihemla og búnaði til að létta ástígg.*
- *vita hverju þarf að halda við í vökvaprýstihemlum.*
- *vita hvernig á að fylgjast með því að vökvaprýstihemlar séu í lagi og þekkja einkenni og afleiðingar bilana í þeim.*
- *vita hvernig læsivarnarbúnaður virkar á vökvaprýstihemla.*
- *kunna skil á ákvæðum í lögum og reglum um hemla.*
- *rækta með sér það viðhorf að hemlum skuli ávallt haldið í fullkomnu lagi.*

- *þekkja mismunandi gerðir stöðuhemla og geta litið eftir því að þeir séu í lagi.*
- *kunna að sjá til þess að hjólabúnaður sé í öruggu og lögmætu ástandi.*
- *vita hvernig á að aka ökutæki þannig að hjólbarðar endast sem best.*
- *kunna skil á eðliseiginleikum mismunandi gerða af hjólbörðum og þekkja reglur um notkun þeirra.*
- *þekkja reglur um slitmörk hjólbarða og um notkun negldra hjólbarða og keðja.*
- *vita hverjar geta verið afleiðingar þess að hjól eru ekki rétt jafnvægisstillt eða hjólbarðar eru með röngum loftþrýstingi.*
- *kunna skil á reglum um hjólhlífar.*
- *þekkja reglur um leyfðan og áskilin ljósabúnað og um notkun ljósa.*
- *þekkja tegundir öryggisbúnaðar ökumanns og farþega (þ.m.t. barna), s.s. öryggisbelti, hnakkapúða, barnabílstóla og öryggispúða, og þær reglur sem gilda um notkun þess búnaðar.*
- *rifja upp og dýpka þekkingu sína á því sem lært var til almenns ökuþrófs og varðar einkum örugga notkun ökutækisins (sbr. kafla 3.2.1. í námskrá fyrir almenn ökuréttindi), eftir því sem við á.*

5.3.2 Hagkvæmur rekstur ökutækis og hagnýt vinnubrögð

Neminn kunnir skil á atriðum er varða hagkvæman rekstur ökutækis, þannig skal hann sem dæmi:

- *kunna skil á að velja skynsamlega vélarstærð þegar ný bifreið er valin.*
- *kunna skil á mismunandi gerðum af eldsneyti og smurolíum.*
- *kunna skil á áhrifum kulda á eldsneytisolíu og olíukerfi.*
- *kunna að lofttæma olíukerfi díselvélar.*

- *vita um helstu bilanir í ræsibúnaði og orsakir þeirra.*
- *kunna að fylgjast með því að rafgeymir sé í lagi og vita hvaða afleiðingar bilaður rafgeymir getur haft.*
- *kunna að gefa straum úr einni bifreið í aðra.*
- *kunna skil á sérstöðu sjálfskiptingar miðað við beina gírskiptingu.*
- *kunna skil á mismunandi driflæsingum.*
- *kunna ýmis hagnýt vinnubrögð sem stuðla að hagkvæmum rekstri og góðri endingu ökutækis (s.s. vökvum, olíum o.fl.)*
- *kunna að nota handbækur um bifreiðir til að leysa tiltekin vandamál og kunna skil á leiðum til að fylgjast með tækniþróun ökutækja.*

5.3.3 Mengun af völdum ökutækja

Neminn kunnir skil á þeim hættum sem fólki og umhverfi getur stafað af ökutækjum og geri sér grein fyrir mengun og mengunarvöldum og þekki reglur um mengunarvarnir. Þannig skal hann sem dæmi:

- *vita hvaða afleiðingar mengun getur haft fyrir umhverfið og heilsu fólks.*
- *vita hvernig á að aka og hirða um ökutæki þannig að mengun verði í lágmarki og þekkja úrræði til að draga úr hvers konar spjöllum á umhverfi af völdum ökutækja, þ.m.t. hávaða, olíuleka og eldsneytisleka.*
- *þekkja mengunarvarnarbúnað í bifreiðum og vita til hvaða aðgerða má grípa til að verjast mengun af völdum bifreiða.*
- *þekkja ummerki þess að bruni hreyfils sé í ólagi og hvaða áhrif það hefur á mengun andrúmslofts.*
- *rækta með sér það viðhorf að forðast að valda mengun og öðrum spjöllum á umhverfinu.*

5.3.4 Almennar reglur um ökutæki

Neminn þekki ákvæði í lögum og reglum um ökutæki (með áherslu á þau sem atvinnutæki) þannig að hann geti séð til

þess að ökutæki sé í öruggu og lögmætu ástandi. Þannig skal hann sem dæmi:

- *þekkja reglur um skráningu og skoðun ökutækja sem atvinnutækja og þekkja hlutverk skoðunaraðila (faggiltra skoðunarstofa).*
- *þekkja reglur um bifreiðagjöld, þungaskatt og notkun ökumæla.*
- *vita hvernig standa ber að tryggingu ökutækja sem atvinnutækja.*
- *þekkja reglur um breidd, hæð, lengd og þyngd ökutækja (þ.m.t. eftirvagna) og vita hvaða ökutæki skulu búin undirakstursvörn.*
- *þekkja ákvæði í lögum og reglum um tengingu og drátt ökutækja og um tengibúnað ökutækja, ennfremur um stærð og meðhöndlun eftirvagna og tengitækja, þ.m.t. hraðatakmarkanir.*
- *þekkja ákvæði um tengibúnað, ljós og hemla eftirvagna og tengitækja sem ekki þarf eftirvagnaréttindi til að aka.*

5.4 Efnistöð

Námsgreinin bíltækni miðast við að veita grunnfræðslu um fólksbifreiðar, þ.e. bifreiðir sem eru 3.500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd. Kennslu skal einnig miðað við millistærðir bifreiða, að 7.500 kg að leyfðri heildarþyngd og hópibifreiða fyrir allt að 16 farþega. Hér er einnig nauðsynlegt að fara ítarlega í reglur sem gilda um minni eftirvagna.

Æskilegt er að gera kennsluna sem hagnýtasta. Margmiðlunartækni og verkleg sýnikennsla getur verið árangursrík í þeim tilgangi.

Efni um tæknilega hluti stórra bifreiða (vörubifreiða og hópibifreiða), s.s. um hemlakerfi og vökvaprýstibúnað, er tekið fyrir í námsgreininni stór ökutæki í framhaldsnámi.

6. SKYNDIHJÁLP

6.1 Markmið

Fjallað er um viðbrögð á slysstað og hagnýt atriði í tengslum við skyndihjálpmennt og sérstaklega í tengslum við umferðarslys. Ætla má að atvinnubílstjórar komi oft en aðrir ökumenn að vettvangi umferðarslyss og skiptir sköpum að þeir séu skjótráðir, t.d. við að veita skyndihjálpmennt, stjórna umferð eða kalla til lögreglu og sjúkralið, jafnvel þótt þeir gætu ekki sinnt öðru björgunarstarfi.

Að því er stefnt að neminn:

- *skilji mikilvægi þekkingar í skyndihjálpmennt með það í huga að bæta almennt heilbrigði og vernda líf og heilsu.*
- *kunni rétt viðbrögð á vettvangi og sé fær um að nota einfaldar aðferðir í skyndihjálpmennt.*
- *auki færni sína í að meta almenn einkenni algengra sjúkdóma og áverka og veiti nærstöddum aðstoð í bráðatilfellum.*
- *rækti með sér ábyrgðartilfinningu gagnvart slösuðum og sjúkum.*

6.2 Efnispættir

- Aðgerðir á vettvangi
- Skoðun og mat
- Endurlífgun
- Blæðing og lost
- Sár, umbúðir og sárabindi
- Brunasár
- Höfuð-, háls- og hryggáverkar
- Beina-, liðamóta- og vöðvaáverkar
- Spelkun útlíma

- Bráðir sjúkdómar og eitranir
- Kal, ofkæling og hitakvillar
- Björgun og flutningar
- Umferðarslys

6.3 Kennslumarkmið og prófkröfur

6.3.1 Aðgerðir á vettvangi

Neminn á m.a. að:

- *geta greint ástand á slysstað og vita til hvaða aðgerða er unnt að grípa til að tryggja öryggi á slysstað.*
- *þekkja og kunna að veita lífsbjargandi aðgerðir á vettvangi.*
- *þekkja helstu eftirköst válegra atburða sem einstaklingur getur upplifað sem veitt hefur skyndihjálpmennt.*
- *geta lýst þeim skrefum sem þarf að taka þegar kanna skal vettvanginn.*
- *vita hvenær hringja skal í Neyðarlínuna og hvaða upplýsingar skal gefa.*
- *þekkja helstu smitvarnir og mögulegar smitleiðir.*
- *kunna að leggja manneskju í læsta hliðarlegu.*

6.3.2 Skoðun og mat

Neminn á m.a. að geta:

- *greint hvort manneskja er með meðvitund og kunna skil á orsökum meðvitundarleysis.*
- *lýst og sýnt hvernig skal meta einstakling með því að framkvæma frumskoðun og líkamsskoðun og með því að nota OLSEN.*
- *greint vandamál sem ógna lífi einstaklings.*
- *greint hvort manneskja andar og hvort hjarta slær.*

6.3.3 Endurlífgun

Neminn á m.a. að geta:

- *beitt blástursaðferðinni á fullorðinn einstakling, barn og ungarbarn.*
- *meðhöndlað fullorðinn einstakling, barn og ungarbarn með aðskotahlut í öndunarvegi.*
- *beitt hjartahnoði á fullorðinn einstakling, barn og ungarbarn.*
- *metið og meðhöndlað meðvitundarlausan einstakling.*

6.3.4 Blæðing og lost

Neminn á m.a. að:

- *geta meðhöndlað útvortis blæðingar.*
- *þekkja merki og einkenni innvortis blæðingar og kunna hvernig bregðast skal við.*
- *geta greint hvort manneskja er í losti.*
- *kunna úrræði til að koma í veg fyrir lost og geta hlynnt að manneskju í slíku ástandi.*
- *þekkja einkenni bráðaofnæmis og geta brugðist rétt við.*

6.3.5 Sár, umbúðir og sárabindi

Neminn á m.a. að:

- *geta stöðvað blæðingu og gert að minni háttar sárum.*
- *þekkja tegundir opinna sára.*
- *geta meðhöndlað sár til að fyrirbyggja sýkingu.*
- *þekkja einkenni sýkingar í sári.*
- *geta framkvæmt skyndihjálp við aflimun.*
- *geta framkvæmt skyndihjálp við aðskotahlut í sári.*
- *þekkja notkun umbúða og sárabinda.*

6.3.6 Brunasár

Neminn á m.a. að:

- *kunna skil á stigskiptingu brunasára og geta brugðist rétt við brunaslysum.*
- *kunna rétt viðbrögð við rafmagnsslysum.*
- *þekkja þrjár gerðir bruna.*

- *geta metið stig bruna.*
- *kunna að meðhöndla brunasár.*

6.3.7 Höfuð-, háls- og hryggáverkar

Neminn á m.a. að:

- *kunna rétt viðbrögð við háls- og hryggáverkum.*
- *kunna að meðhöndla hina ýmsu tegundir höfuðáverka.*
- *geta greint mismunandi tegundir tannáverka og vita hvernig á að meðhöndla þá.*
- *geta útskýrt hvernig á að meta hvort um hryggáverka sé að ræða.*

6.3.8 Beina-, liðamóta- og vöðvaáverkar

Neminn á að geta brugðist rétt við ýmsum tegundum beinbrota og m.a. þekkja:

- *einkenni hugsanlegs beinbrots.*
- *meðhöndlun beinbrota.*
- *viðeigandi meðhöndlun liðamóta- og vöðvaáverka.*
- *HVÍL aðferðina fyrir beina-, liðamóta- og vöðvaáverka.*

6.3.9 Spelkun útlíma

Neminn á að þekkja tilgang spelkunar og kunni m.a. að:

- *spelka efri og neðri útlím.*
- *endurmeta ástand útlíms eftir spelkun.*

6.3.10 Bráðir sjúkdómar og eitranir

Neminn á að þekkja einkenni og meðhöndlun hjartaáfalls, andnauðar, yfirliðs, krampa, sykursýki og kunni m.a. að meðhöndla:

- *eitrun af völdum innbyrtra efna, áfengiseitrunar og kolsýringseitrunar.*
- *dýra- og mannabit.*
- *skordýrabít og stungur.*

6.3.11 Kal, ofkæling og hitakvillar

Neminn á m.a. að:

- *vita hvað kal er og kunna að bregðast við því.*
- *vita hvað ofkæling er og kunna að bregðast við henni.*
- *þekkja þrenns konar hitakvillar og hvernig bregðast skuli við þeim.*

6.3.12 Björgun og flutningar

Neminn á m.a. að:

- *kunna að tryggja eigið öryggi við björgun úr bílflaki og við björgun úr vatni.*
- *kunna að tryggja eigið öryggi þar sem slys hefur orðið af völdum rafmagns.*
- *vita hvað gera skal þar sem slys hefur orðið af völdum eitrefna eða þar sem önnur hættu vofir yfir.*
- *vita hvenær og hvernig skal flytja slasaða úr stað.*

6.3.13 Umferðarslys

Neminn á m.a. að:

- *þekkja fjórar algengar tegundir árekstra.*
- *þekkja og skilja hugtökin áverkaferli og háorkuáverkar og geta lýst hugsanlegum áverkum miðað við tegund árekstrar.*
- *þekkja áhættþætti alvarlegra áverka.*
- *geta raðað slösuðum í forgangs röð og þekkja flokkunarkerfi í hópslysum.*
- *þekkja hlutverk björgunaraðila á slysavettvangi.*
- *kannast við skipulag vettvangsstjórnarkerfis (SÁBF).*
- *vita hvenær og hvernig skal flytja slasaða úr bílflaki á öruggan hátt.*

6.4 Efnistöð

Rétt viðbrögð við lítilsháttar áverkum, minniháttar veikindum eða skipulögð og fumlaus viðbrögð við stóraföllum og slysum geta skipt sköpum ef bjarga á lífi. Þekking og færni í skyndihjálpi hefur því mikið að segja fyrir samfélagið og er mikilvægur hluti af forvarnarstarfi innan heilbrigðiskerfisins þar sem áhersla er lögð á vellíðan einstaklingsins og heilsuvernd.

Atvinnubílstjórar eru yfirleitt meira í umferðinni en almenningur og má því ætla að þeir komi oftast að vettvangi umferðarslyss. Ennfremur má gera ráð fyrir að bílstjórar sem starfa við farþegaflutninga í atvinnuskyni geti verið fjarri byggð með farþega þegar slys verður og þurfi að bregðast við.

Í námi til aukinna ökuréttinda er boðið upp á 16 kennslustunda námskeið í skyndihjálpi. Miðað er við að hver kennslustund taki 45 mínútur. Námskeiðið samanstendur af bóklegum og verklegum þáttum, ásamt vettvangsheimsóknnum eða sviðsetningu slysa ef við á. Rétt er að verklegar æfingar fari fram í hópum ekki stærri en 12-15 manns. Tímalengd verklegra æfinga er misjöfn eftir viðfangsefnum, t.d. tekur verkleg kennsla í endurlífingun um tvær kennslustundir.

Leiðbeinandi í skyndihjálpi skal vera viðurkenndur af Rauða krossi Íslands.

Hafi nemi tekið a.m.k. 12 tíma námskeið í skyndihjálpi á síðast liðnum tveimur árum er slíkt metið inn í námið á þann hátt að viðkomandi er undanþeginn tímasóknarskyldu en hann skal þó sækja nám í a.m.k. síðasta hluta námskeiðsins þar sem fjallað er um umferðarslys (6.3.13).

7. KENNSLUAKSTUR OG PRÓF

7.1 Kennsluakstur

Lýsingu á kennsluakstri hvers flokks ökuréttinda er að finna í námskrá fyrir þann flokk. Leiðbeiningar um lágmarksfjölda verklegra kennslustunda eru settar fram í kafla 1.3, **skipan náms**.

7.2 Próflýsing

Tilgangur ökuþrófs er að meta hvort próftaki búi yfir þeirri þekkingu, hæfni og leikni sem áskilin er til að hann geti stjórnað hlutaðeigandi ökutæki af nægu öryggi og til að fá útgefið ökuskírteini.

Ökuþróf til aukinna ökuréttinda skiptist í tvo hluta; fræðilegt próf og verklegt próf.

Umsækjandi skal hafa staðist fræðilegt próf áður en verklegt fer fram. Hann skal hafa staðist verklega prófið áður en sex mánuðir eru liðnir frá því hann stóðst fræðilegt próf.

Að loknu hverju prófi tilkynnir prófdómari próftaka hvort hann hafi staðist próf. Að jafnaði skal upplýsa próftaka strax að loknu prófi um þær villur sem hann gerði í prófinu.

Standist próftaki ekki próf má hann ekki reyna við sama próf að nýju fyrr en að viku liðinni.

7.3 Fræðilegt próf

Fræðilegt próf er framkvæmt í tveimur áföngum. Í fyrri áfanga er prófað á vegum ökuskóla úr atriðum námskrár í umferðarfræði, umferðarsálfræði, bíltækni og skyndihjálp. Leggja skal fyrir eitt lokapróf úr námsgreinum grunnnáms.

Neminn þarf að standast slíkt próf og ljúka viðeigandi námsgreinum framhaldsnáms til að gangast undir seinni áfanga prófsins sem er opinbert próf á vegum Umferðarstofu.

Opinbera prófið er í þremur gerðum sem tengjast flokkum ökuréttinda með eftirgreindum hætti:

1. **ÖR:** prófað er í efni er varða **umferðaröryggi** (umferðarlöggjöf, viðurkennda aksturshætti, ökutækið, mannlega þætti og áhættuþætti). Prófið er til allra flokka aukinna ökuréttinda nema eftirvagna. Ef meira en eitt ár er liðið frá próftöku í ÖR, þegar umsækjandi bætir við auknum réttindum, þarf að taka prófið að nýju.
2. **SÖ:** prófað er úr námsgreininni **stór ökutæki**. Prófið er lagt fyrir þá sem sækja um réttindi á vörubifreið eða hópbifreið (flokk C eða D).
3. **FF:** prófað er úr námsgreininni **ferðafræði**. Prófið er lagt fyrir þá sem sækja um réttindi á leigubifreið eða hópbifreið (réttindi til farþegalutninga í atvinnuskyni fyrir flokk B eða D).

Geti próftaki ekki með góðu móti tjáð sig á skriflegu prófi getur hann sótt um að taka hliðstætt próf munnlega. Slíkt próf er skriflegt próf þar sem próftaki fær lesaðstoð við að leysa prófið eða hann leysir það án þess að sitja í hópprófi. Þau eru ætluð þeim sem eru lesblindir, illa læsir eða eiga í tungumálaerfiðleikum.

7.4 Verklegt próf

Tilgangur verklegs prófs er að komast að raun um hvort próftaki hafi þá þekkingu, athygli og færni sem þarf til að aka tiltekinni bifreið í umferðinni af öryggi fyrir hann sjálfan og aðra vegfarendur án stuðnings ökukennara. Verklegra prófið er tvíþætt, munnlegt próf og aksturspróf.

Í upphafi prófs kannar prófdómari skilríki próftakans og útskýrir hvernig prófið gengur fyrir sig. Hann fer yfir

staðfestingar og skýrslur um nám í ökunámsbók og kannar ástand prófbifreiðar ef ástæða þykir til. Staðfesting í ökunámsbók um fullnægjandi ökukennslu skal liggja fyrir við upphaf prófs.

Próftaki þarf að standast munnlegt próf áður en aksturspróf getur hafist. Að loknu verklegu prófi gefur prófdómari áritun sína til staðfestingar á því að próftaki hafi staðist próf.

Nánari upplýsingar um verkleg próf fyrir flokka C, D, E og til réttinda á leigubifreið er að finna í námskrám framhaldsnáms. Þar er einnig að finna fyrirmæli um bóklegt og verklegt nám til hvers og eins ökuréttindaflokks m.a. um lágmarkstímafjölda og próflýsingu verklegra prófa.

Innihald og áfangar bóklegs náms til aukinna ökuréttinda Viðmiðunartafla

Taflan sýnir fjölda kennslustunda í bóklegu námi til aukinna ökuréttinda. Hver kennslustund er 45 mínútur að lengd. Gert er ráð fyrir að bóklegu námi til almennt á ökuréttinda (flokkur B) sé lokið.

Skamm- stöfun	Námshæðir Námsgreinar	C Vörubíll	D Hópbíll	L Leigubíll	BE/CE/DE Eftirvagn
UF	Umferðaræði	12	12	12	
US	Umferðarsálfæði	12	12	12	
SK	Skynhjálpi	16	16	16	
BT	Biltækni	12	12	12	
SÖ	Stór ökutæki	32	32		
FF	Ferðaræði		16	16	
EV	Eftirvagnar				4
	Kennslustundir alls:	84	100	68	4
	Kennslustundir í akstri:	12	12	3	7

Umferðarstofa, Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Sími: 580 2000 - fax: 580 2003

Vefsíða: www.us.is - netfang: okuprof@us.is